



Langesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Garðabær, 18.6.2025

Málsnúmer: 202505-0062

LA

Efni: Staðarvirkjun í Bakkafirði. Skipulagslýsing.

Vísað er í tvö erindi sem bárust í tölvubréfi frá Langesbyggð gegnum Skipulagsgátt, dags. 30. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna 0,99 MW vatnsaflsvirkjunar í Staðará í Bakkafirði.

Skipulagslýsingin tekur til lóns og stíflustæðis, veituskurða milli Rauðár og Staðarár, þrýstipípu meðfram Staðará að vestanverðu, efnisnáma, vinnuvega, frárennslisskurðar, veitna og lóða fyrir stöðvarhús og tímabundnar byggingar. Deiliskipulagssvæðið er um 200 ha að stærð og nær svæðið frá 7 m í um 180 m hæð yfir sjávarmáli. Staðará og Rauðá eru dragár sem eiga upptök sín í Staðardrögum í um 480 m y.s. Árnar renna svo til samhliða tæplega 13 km kafla þar til Rauðá sameinast Staðará í um 22 m y.s., skammt ofan við Draugafoss. Þaðan rennur Staðará um 850 m í Bakkafjörð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu, sem er sú sama fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í Staðará, og telur að þar komi fram flest það sem fjalla þarf um við aðalskipulagsbreytingar. Báðum erindunum er svarað með þessari umsögn.

Í skipulagslýsingu um nýtt deiliskipulag er engin umfjöllun um virkjunina sjálfa, þ.e. stærð og staðsetningu lóns og stíflustæðis, veituskurði, niðurgrafnar lagnir, efnisnámur og efnisþörf, vegalagnir o.fl., en verður gerð frekari grein fyrir á seinni stigum deiliskipulagsins. Án þessara upplýsinga er erfitt að átta sig á umfangi þeirra áhrifa sem virkjunarframkvæmdin kemur til með að hafa á náttúrufar svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Innan framkvæmdasvæðisins eru engar minjar skráðar á náttúruminjaskrá, en fossar og votlendi njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Þá ber að hafa í huga að ekki eru margir fossar skráðir innan Langesbyggðar og eykur það enn frekar á náttúruverndargildi Draugafoss, sem er fagur foss og kennileiti innan svæðisins.

Votlendissvæði eru við Staðará og Rauðá en þau virðast flest vera innan þeirra stærðarmarka sem náttúruverndarlög kveða á um fyrir sérstaka vernd votlendisvistgerða, þ.e. 20.000 m². Þó ber að hafa í huga að vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar byggir að miklu leyti á fjarkönnun og því er þörf á að kortleggja vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins af meiri nákvæmni á vettvangi.



Gera þarf grein fyrir búsvæðum fugla innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins. Í gílinu við Draugafoss er eitt af fáum fálkaóðdum í Bakkafirði. Verndarstaða fálkans á Íslandi er bág og er tegundin listuð á Válista sem tegund í bráðri hættu. Framkvæmdir og mannvirki við fossinn gætu gert óðalið óbyggilegt fyrir fálka og því haft neikvæð áhrif á stofnþróun tegundarinnar.

Í kafla 4, Umhverfismat skipulagsins, er engin umhverfisþáttur um jarðminjar sem þarf að bæta úr því innan svæðisins eru jarðgrunnsmyndanir frá síðjökultíma sem eru mikilvægar fyrir jöklunarsögu landshlutans, má þar t.d. nefna forn fjöllumörk við Draugafoss. Laus jarðlög njóta ekki verndar en eru samt sem áður mikilvægar myndanir í jarðsögu landsins.

Þrátt fyrir að um sé að ræða tiltölulega litla vatnsaflsvirkjun má búast við að með framkvæmdunum fylgi allmikið rask á áður lítt röskuðu svæði, sem mun einnig hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi við skipulagslýsingu um aðalskipulagsbreytingar og nýtt deiliskipulag vegna Staðarárvirkjunar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur